

sjóðs, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti
að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. desember 1936.

Nr. 133/1936. Réttvísinn og valdstjórnin

(Pétur Magnússon)

gegn

Þórði Guðmundssyni

(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn 200. gr. hegningarlaganna og 6. og 7. gr.
sbr. 14. gr. laga nr. 70/1931.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. júní 1936: Ákærður, Þórður Guðmundsson, skal sýkn af kröfum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærða, Ólafs Þorgrímssonar, cand. juris kr. 60.00.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt skýrslu ákærða í máli þessu, sam-
borinni við álit bifreiðaeftirlitsmanna, verður að
gera ráð fyrir því, að ákærði hafi ekið á að minnsta
kosti 30—35 kílómetra hraða á klukkustund, þegar
slysið varð, og þar með ekið óvarlega hart, eins og
á stóð. Þá má telja sannað, að ákærði hafi ekið á
miðjum veginum eða því sem næst, í stað þess að
halda bifreiðinni úti á hægri kanti vegarins, unz
hann var vel kominn fram hjá börnunum. Loks
gaf ákærði ekki hljóðmerki. Með því að hann gat
ekki með vissu vitað, hvort börnin hefðu orðið bif-
reiðarinnar vör jafnskjótt sem hún var komin á

eða yfir brúna á Laugalæknum austanvert við sundlaugarnar, þá var það óvarlegt að gefa þeim ekki merki þá þegar, einkum er hann hugðist að aka á miðjum vegi og bilið milli bifreiðarinnar og barnanna hlaut með því móti að verða allmjótt. Verður samkvæmt þessu að telja ákærða hafa gerzt sekan um vítaverða óvarkárni og með þeim hætti orðið orsök í slysi því, er í hinum áfrýjaða dómi segir og varð drengnum Steindóri Sigurbergs-syni að bana. Brót ákærða varða við 6. og 7. gr. sbr. 14. gr laga nr. 70/1931 og 200. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing hans fyrir þau hæfilega ákveðin 20 daga einfalt fangelsi.

Eftir þessum málalokum verður að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með taldar 60 krónur í málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans þar, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Þórður Guðmundsson, sæti 20 daga einföldu fangelsi. Svo greiði hann og allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns þar, cand. jur. Ólafs Þorgrímssonar, 60 krónur, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Jóhannessonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Þórði Guðmundssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis Bragagötu 27 hér í bæ, fyrir brot á 17. kap. hinna almennu hegningarlaga og lögum um notkun bifreiða nr. 70, 1931.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir áður sætt eftirfarandi kærur og refsingum:

1919 21. maí. Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi skilorðsbundið fyrir brot gegn 230. gr. hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1933 23. júní. Sætt 20 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðakstur.

1934 18. júní. Kærður fyrir að aka bifreið á reiðhjól. Hlutaðeigandi váttryggingarfélag greiddi skaðabætur.

1934 24. maí. Ók strætisvagni á reiðhjólsmann, málið féll niður, þar eð engin sök sannaðist á kærða.

1934 23. ágúst. Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 30 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögnum.

Hinn 18. okt. s. l. ók ákærður strætisvagninum RE. 973 inn Sundlaugaveg. Ók hann að ætlun sinni á 30—35 km. hraða miðað við klst. og hélt sig á miðjum vegi. Um leið og hann kom austur fyrir sundlaugarnar sá hann tvö börn dreng og stúlku, er gengu á vinstra götujaðri undan vagninum, og hugðist hann að aka hægra megin framhjá börnunum og taldi, að þau væru það utarlega á vegarbrúninni að nægilegt pláss væri til þess, þótt vagninn væri á miðjum vegi. Gaf hann ekki hljóðmerki.

Þegar vagninn var að komast á móts við börnin hljóp drengurinn allt í einu þvert í veg fyrir bifreiðina. Kveðst ákærður þá hafa hemlað bifreiðina með fóthemblunum og um leið vikið henni til hægri eins og unnt var. Þegar honum tókst að stöðva bifreiðina hafði drengurinn orðið fyrir henni og lá meðvitundarlaus á veginum. Fékk hann aldrei meðvitund og andaðist síðari hluta dagsins á Landspítalanum. Segir í vottorði spítalalæknisins, að hann hafi

hlotið „stórkostleg meiðsl á höfði, svo að hauskúpan var mikið brotin og heilinn skaddaður“.

Telpa, sem gekk með drengnum, Guðrún Sigurbergsdóttir, 12 ára að aldri, hefir verið leidd sem vitni í málinu. Hefir hún borið það, að þau börnin hafi verið á leið heim til sín, hafi hún gengið yzt á vinstri vegbrún, en drengurinn ivið á eftir og innar. Hún kveðst hafa orðið vör við vagninn og þá kallað til drengsins: „Komdu til mín, Strætó er að koma“. Um það bil mun drengurinn hafa stokkið á stað og ætlað að hlaupa þvert yfir götuna fyrir framan vagninn yfir á hægri vegbrún. Þegar hún leit við var drengurinn að detta niður við frambretti vagnsins, sem beygði um leið til hægri og stöðvaðist á hægri vegbrún. Hún telur að drengurinn hafi kastast frá vagninum um leið og hann lenti á honum.

Aðrir en telpan voru ekki sjónarvottar að sjálfu slysinu, en fólk, er statt var þarna nálægt, kom strax á vettvang og tók upp drenginn. Eftir frásögn þess og ákærðs lét lögreglan þegar gera uppdrátt af vettvangi og sýnir hann að vagninn hefir stöðvazt yzt á hægri vegarbrún nálægt lengd sína frá stað þeim, er drengurinn lá á eftir slysið. Skoðunarmenn bifreiða voru samdægurs látnir skoða bifreiðina og hafa vottað, að hún hafi verið að öllu leyti í goðu lagi. Álit þeirra hefir verið lagt fram í málinu og telja þeir þar ólíklegt, að ekki hafi verið hægt að stöðva bifreiðina fyrr en gert var, ef hemlum hefir verið að fullu beitt, hafi hraðinn ekki verið meiri, en ákærður heldur fram, og þegar þess er gætt, að heldur hallar upp í móti.

Eins og málavöxtum nú hefir verið lýst er það ljóst, að börnin hafa vitað af vagninum fyrir aftan sig og drengurinn hefir hlaupið fyrir hann. Er því ekki um sök að ræða hjá ákærðum nema því aðeins að talið væri, að hann hefði átt að geta stöðvað bifreiðina eða vikið til hliðar í tæka tíð til að forðast slysið. Telpa hefir borið það, að vagninn hafi verið kominn mjög nærri, þegar drengurinn stökk af stað, og ákærður hefir sjálfur giskað á, að ekki hafi þá verið meira en 3 metrar milli vagnsins og hans. Að áliti réttarins verður ekki talið, að ákærðum verði gefin sök á því að hafa ekki getað stöðvað bifreiðina á þeim spotta og þykir líklegt, að þótt honum hefði tekizt að stöðva bifreiðina nokkru fyrr en raun varð á, þá hefði samt ekki

orðið komið hjá slysinu. Heldur ekki verður ákærðum gefið það að sök, að hann ekki vék fyrir eða betur út á hægri vegbrún, en hann gerði, því það er símastaur á vegbrúninni, sem hindraði hann í því. Verður því að sýkna ákærðan af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í málinu og ber þá að greiða sakarkostnað af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans hér fyrir réttinum, Ólafs Þorgrímssonar cand. jur., og ákveðast þau kr. 60.00.

Á málinu hefir orðið nokkur dráttur; að því leyti sem hann hefir orðið hér við embættið, stafar hann af annriki dómarans.

Föstudaginn 11. desember 1936.

Nr. 127/1936. **Réttvísinn** (Theódór B. Línal)

gegn

Sigurði Einarssyni og Otto Wathne

Björnssyni (Theódór B. Línal)

Tveir menn dæmdir til refsingar fyrir að veitast að uppboðshaldara og aðstoðarmönnum hans.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 26. júní 1936. Hinir ákærðu, Sigurður Einarsson og Ottó Wathne Björnsson, sæti hvor um sig fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessen.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með athæfi því, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hafa hinir ákærðu, Sigurður Einarsson og Ottó Wathne Björnsson, gerzt brotlegir við 2. mgr.